

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1997, um vörumerki,
með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr.
 - a. Í stað orðanna „1. mgr. 14. gr.“ í upphafsmálslið komi: 14. gr.
 - b. Við bætist nýr stafliður er orðist svo: Í stað orðanna „4.–8. tölul.“ í 2. mgr. kemur: 4.–9. tölul.
2. 12. gr. orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

 - a. 1. másl. 1. mgr. orðast svo: Eigandi vörumerkis, sem ekki hefur lögheimili hér á landi, skal hafa umboðsmann búsettan á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
 - b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Einkaleyfastofan skal hafa samskipti við umsækjendur og eigendur vörumerkja-skráninga eða umboðsmenn þeirra á íslensku. Í undantekningartilvikum getur stofnunin tekið við skjölum á erlendum tungumálum.

